

sbr. 212. gr. laga nr. 85/1936, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá ber að dæma varnaraðilja til greiðslu málskostnaðar. Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar kr. 8.335 vegna máls þessa. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmans, kr. 15.000. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða kr. 23.335 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins meybarns, sem sóknaraðili, K, ól 26. desember 1972 og skírt var B, og greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 23.335, til ríkissjóðs, og er þar innifalin málflutningsþóknun talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmans, að fjárhæð kr. 15.000.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1977.

Nr. 177/1976. M

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

K

(Örn Clausen hrl.).

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr, Björns Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. sept-

ember 1976. Krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur meðlagsskyldur með barninu B og að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefnda fékk gjafvörn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 19. apríl 1977.

Eftir uppsögu héraðsdóms kom stefnda fyrir dóm og lýsti kynnum sínum af G þeim, sem getið er um í héraðsdómi. Engin deili kvaðst hún kunna á manni þessum. Hún hafi hitt hann á skemmtistað í Reykjavík. Hún hafi verið ein síns liðs, og eigi taldi hún mann þennan hafa verið í fylgd með neinu fólki, sem hún þekkti. Hún kveður þau tvö hafa farið í hús það, sem maðurinn bjó í, og þar hafi hún ekki orðið vör við neitt fólk. Stefnda kveðst ekki geta sagt, hvar í Hlíðahverfi í Reykjavík hús þetta sé. Hún staðhæfir, að þau G hafi hist og haft samfarir „eftir 17. júní, en varnaraðili (stefnda) man ekki, hvort það var fyrsta eða önnur helgi þar frá. Þetta hafi annað hvort verið á föstudags- eða laugardagskvöldi“.

Samkvæmt þessari skýrslu stefndu, sem leggja verður til grundvallar dómi í málinu, hafa samfarir þær, sem skýrslan tekur til, átt sér stað í síðasta lagi aðfaranótt 27. júní 1971. Samkvæmt bréfum borgarlæknisins í Reykjavík 22. mars og 28. júní 1976, sem greind eru í héraðsdómi, er barnið getið í fyrsta lagi 28. júní 1971. Er þetta áréttað í bréfi borgarlæknis 22. nóvember 1977, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt. Segir þar enn fremur m. a.: „Í dreifingartöflum þeim, sem notaðar eru til útreikninga á getnaðartíma barna eftir hæð og þyngd þeirra við fæðingu, má sjá, að líkurnar til, að umrætt barn sé getið 28. júní og 6 næstu daga þar á eftir, eru einn af þúsundi“.

Samkvæmt bréfi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 21. nóvember 1977, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, kom stefnda „í mæðraskoðun í fyrsta skipti 22. desember 1971. Samkvæmt spjaldskrá voru tíðir hjá henni seinast þ. 6. ágúst '71. Samkvæmt því væntir hún fæðingar um miðjan maí '72“.

Með vísan til gagna þeirra, sem hér hafa verið reifuð, og

að öðru leyti með skírskotum til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, M, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu, K, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1976.

Ár 1976, mánudaginn 12. júlí, er á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 14/1976: K gegn M, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, hér í borg, fædd 28. apríl 1949 í Reykjavík, ól 14. maí 1972 meybarn, sem skírt var 8. mars 1973 B. Föður að barni þessu hefur hún lýst M,, fæddan 19. maí 1935 í Reykjavík, varnaraðilja málsins, sem ekki hefur við faðernið viljað kannast, og höfðaði sóknaraðili því mál þetta á hendur honum í bæjarþinginu 30. janúar sl.

Af hálfu sóknaraðilja eru þær kröfur gerðar í málinu:

1. Að varnaraðili verði dæmdur faðir stúlkunnar B.
 2. Að varnaraðili greiði meðlag með barninu frá fæðingu til fullnaðs 17 ára aldurs.
 3. Að varnaraðili greiði fæðingarstyrk að svo miklu leyti sem hann er ekki greiddur af Tryggingastofnun ríkisins.
- Til vara er krafist fyllingareiðs.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili hefur fyrir sitt leyti ekki viljað fallast á kröfur sóknaraðilja og gert þá kröfu aðallega, að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati dómsins, en til vara, að hann verði einungis dæmdur meðlagsskyldur og málskostnaður falli niður.

Sama dag og mál þetta var höfðað komu málsaðiljar í dóminn og gáfu skýrslur um kynni sín.

Sóknaraðili kvaðst hafa hafið störf á skrifstofu hjá fyrirtækinu D í júní 1965 og starfað þar til ársloka 1974. Varnaraðili starfaði einnig á sömu skrifstofu. Starfsfólk skrifstofunnar skemmti sér saman sem hópur, bæði á árshátíðum og við önnur tækifæri, svo og áttu starfsmennirnir saman sumarbústað.

Í eitt skipti höfðu málsaðiljar samfarir saman, og var það hinn 20. ágúst 1971 á þáverandi heimili sóknaraðilja að Að sögn sóknaraðilja voru ekki gerðar neinar ráðstafanir til að hindra getnað. Síðustu blæðingar fyrir þessar samfarir byrjuðu 6. s. m.

Er sóknaraðili varð þess áskynja, að hún var ófrísk, skýrði hún varnaraðilja frá því, og tók hann því illa. Var þetta í októbermánuði, og urðu þessi viðbrögð varnaraðilja til þess, að sóknaraðili var búin að taka þá ákvörðun í desember „að eiga barnið ein“ og skrifaði því varnaraðilja og tjáði honum, að hún hefði misreiknað sig og hann ætti ekki barnið, þótt svo hefði þó verið. Eftir að barnið var fætt, kvaðst sóknaraðili hafa séð, að þetta gengi ekki, og ákvað að gera hreint fyrir sínum dyrum. Kvaðst hún hafa farið að ganga á varnaraðilja, sem virtist ekki taka því mjög illa, en kvað þetta taka sinn tíma, og vildi hann sjá, hvort telpa líktist sér. Sóknaraðili kom með telpuna á vinnustað málsaðilja, og sá varnaraðili hana nokkrum sinnum. Eftir að sóknaraðili hætti að vinna á sama stað og varnaraðili, kvaðst hún hafa farið að ganga fastara á varnaraðilja, þar til hann kvað upp úr með það, að hann teldi sig ekki geta átt stúlkuna, þar sem honum fannst hún ekki líkjast sér. Sóknaraðili kvaðst þá ekki hafa átt annars úrkosti en leita eftir meðlagsúrskurði og er það bar ekki árangur, að höfða mál þetta.

Aðspurð um hugsanlegar samfarir við aðra en varnaraðilja frá því um miðjan júní og þar til um miðjan október sama ár sagði sóknaraðili, að hún hefði aðeins haft samfarir við mann í júnímánuði 1971.

Varnaraðili kvaðst eitt sinn hafa haft samfarir við sóknaraðilja hinn 20. ágúst 1971, og áttu þessar samfarir sér stað að

Varnaraðili kveðst ekki vilja kannast við faðerni barnsins, þar sem hann teldi sig hafa ástæðu til að ætla, að sóknaraðili hefði verið með öðrum karlmanni á svipuðum tíma, og nefndi í því sambandi einhvern E.

Sóknaraðili sagði þá, að hér væri um að ræða E , sem hún hefði kynnst, er hún var í 1. bekk gagnfræðaskóla, og hefði haldið vináttu við æ síðan. Við E kvaðst sóknaraðili síðast hafa haft samfarir árið 1970, en samband þeirra blessaðist ekki af persónulegum ástæðum hans. Sóknaraðili kvaðst hafa skýrt E frá því, er hún varð barnshafandi, og jafnframt hver væri faðirinn. E bauð henni þá, að hún mætti kenna honum barnið, ef hún lenti í vandræðum. Sóknaraðili gekk í hjúskap með E til málamynda 12. mars 1973. Fengu þau skilnað að borði og sæng í desember 1973 og lögskilnað ári síðar. Aldrei bjuggu þau saman, og til hjónabandsins var stofnað í því skyni, að sóknaraðili fengi út skyldusparnað sinn.

25. febrúar sl. kom framangreindur E , fæddur 27. júlí 1949 í Reykjavík, fyrir dóm sem vitni.

Vitnið kvaðst hafa þekkt sóknaraðilja frá því þau voru bæði í 1. bekk í gagnfræðaskóla. Vitnið dvaldist í Bandaríkjunum í árstíma á árunum 1968—1969. Eftir að hann kom heim aftur, tókst náinn kunningsskapur með vitninu og sóknaraðilja. Höfðu þau samfarir á árinu 1970 og ef til vill mjög snemma á árinu 1971, eða í mánuðunum janúar, febrúar og mars, í alsíðasta lagi, en þá slitnaði upp úr sambandi þeirra.

Eftir að sóknaraðili hafði alið barn sitt, gengu hún og vitnið til málamynda í hjúskap á árinu 1973 án þess þó að búa saman eða hafa samfarir. Tilefni þessa hjúskapar var það, að sóknaraðili þurfti að ná út skyldusparnaði sínum, og var síðan meiningin, að þau skildu fljótlega aftur, en það dróst nokkuð, þar sem sóknaraðili hafði týnt einni sparimerkjabókinni, sem þurfti að ógilda.

Vitnið sagði, að þótt slitnað hefði upp úr hinu nána sambandi milli aðilja í kringum áramótin 1970—1971, hefði haldist góður kunningsskapur á milli þeirra, og fékk vitnið m. a. að læra heima hjá henni, þar sem hann átti heima uppi í Breiðholti og eyður voru milli tíma hjá honum í Háskólanum.

Vitninu var minnisstætt, að í ágústmánuði 1971, er hann var nýkominn frá Skotlandi og var í heimsókn hjá sóknaraðilja (sic). Einnig var þar vinkona hennar F. Fram kom hjá stúlkunum, að til stæði að efna til gleðskapar og von væri á varnaraðilja. Næsta dag sagði sóknaraðili vitninu í stórum dráttum, hvað gerst hafði

um kvöldið og hún hefði tekið „sjens“, þar sem hún hefði ekki verið á pillunni, og þar að auki minnti vitnið, að hún hafi sagst vera á hættulegu tímabili. Síðar kom fram hjá sóknaraðilja, að hún hefði orðið ófrísk þetta kvöld, og hefur hún alla tíð sagt vitninu, að varnaraðili væri faðir barnsins.

Aðspurt hvort það hafi nokkurn tíma komið fram hjá sóknaraðilja, hvers vegna svo dróst hjá henni að gera gangskör að því að feðra barnið, sagði vitnið, að fram hefði komið hjá henni, að hún hefði verið hrifin af varnaraðilja og verið hálf ráðvillt, þar sem hún vildi ekki koma honum í vandræði, þar eð hann væri kvæntur og hún kannaðist auk þess við konu hans.

Nokkru eftir að barnið var fætt, ekki gat vitnið sagt um, hvort það var nokkrum vikum eða mánuðum, kom fram hjá sóknaraðilja, að hún hefði rætt við varnaraðilja, og sagði sóknaraðili, að hann hefði tekið sér vel og lofað að styðja hana fjárhagslega síðar, en hann hefði átt bágð með það á þeim tíma.

Vitnið sagði, að sér væri ókunnugt um, að sóknaraðili hefði haft samfarir við aðra karlmenn frá því þau höfðu síðast samfarir og þar til hún hafði samfarir við varnaraðilja, enda hefði hún verið íhaldssöm og lítið staðið í karlamálum.

Vitnið sagði, að sóknaraðili hefði haft miklar áhyggjur af því, áður en hún fór á fæðingardeildina, að hún þyrfti að gefa upp nafn barnsföður, og kvaðst vitnið þá hafa heimilað henni að benda á sig sem slíkan og vera kunni, að vitnið hafi einnig heimilað henni að gefa sig upp sem barnsföður til frambúðar.

Vitnið kvaðst ekki minnst þess, að sóknaraðili hefði skýrt sér frá samförum við aðra karlmenn en varnaraðilja.

Vitnið kvaðst hafa verið erlendis frá því seint í júní og fram í byrjun ágúst 1971.

Eftir að vitnið hafði vikið frá, var sóknaraðili spurð um mann þann, sem hún hafði samfarir við í júnímánuði 1971. Sóknaraðili sagði, að hér hefði verið um að ræða mann, sem hún hitti á dansleik og hefði ekki þekkt áður. Maðurinn heitir G. Ekki vissi sóknaraðili, hvers son hann var, hvar hann átti heima eða hvar hann vann. Samfarirnar fóru fram heima hjá manningnum, einhvers staðar í Hlíðahverfi. Sóknaraðili kvaðst vera öldungis viss um, að hún hefði haft samfarir við framangreindan G í júní, þar sem hún hefði þá verið á pillunni, en hætt á henni í júlímánuði. Tók sóknaraðili fram af þessu tilefni, að hún hefði fengið pilluna hjá Jónasi Bjarnasyni við tíðaverkjum og hefði hún átt að taka hana í 3 mánuði í senn og hvíla sig á henni í einn mánuð.

Í þessu þinghaldi óskaði varnaraðili að taka fram, að áður en að hann hafði hafið samfarirnar við sóknaraðilja, hefði hann spurt hana, hvort hún væri á pillunni, og neitaði hún því. Varnaraðili kvaðst því hafa gripið til þeirra ráðstafana, sem tiltækar voru, þ. e. a. s. að hafa rofnar samfarir.

Í þinghaldi 23. f. m. var sóknaraðili enn spurð um mann þann, sem hún hafði samfarir við í júnímánuði 1971, og kvaðst hún ekki geta gefið frekari upplýsingar um hann.

Blóðflokkarannsókn fór fram á málsaðiljum, barninu og E, og varð niðurstaða hennar sem hér greinir:

	ABO	MNSs	Rh					Kell	Fy	P ₁	Hp	Jk ^a	Lu ^a	Le ^a	Sf.	Bf.
			C	D	E	c	e	Cw	Du	K	k	a	b			
K Reykjavík, f. 28/4 1949	A ₂	MNSs	+	+	+	+	+	—	—	+	+	—	1-0	+	—	BC SS
B, s. st. f. 14/5 1972	O	MNSs	—	+	+	+	—	—	—	+	—	+	2-0	+	—	BC SS
M Reykjavík, f. 19/5 1935	O	MSs	+	+	+	+	+	—	—	+	—	+	2-1	+	—	B SS
E Reykjavík, f. 27/7 1949	O	MSs	—	—	—	+	+	—	—	—	+	—	1-1	—	+	B SS

Álitsgerð Ólafs Bjarnasonar prófessors, dr. med., dagsett 17. maí sl. um blóðflokkarannsóknina er svohljóðandi: „Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar getur E ekki verið faðir B dóttur K, þar eð eiginleikinn Hp-2, sem finnst í blóði telpunnar, er hvorki fyrir hendi í blóði móður hennar né E, auk þess sem telpan og E eru andstætt arfhrein með tilliti til eiginleikanna E og e. Hins vegar samrýmist niðurstaða rannsóknarinnar því, að M sé faðir telpunnar.

Auk þess sem að ofan segir er E einnig útilokaður skv. 1. erfðareglu á P-kerfi og skv. 2. erfðareglu á Fy-kerfi.“

Borgarlæknir segir í álitsgerð, dagsettri 22. mars sl., um hugsanlegan getnaðartíma barnsins: „Þér hafið, herra sakadómari, með bréfi, dags. 27. f. m., óskað álitsgerðar minnar um hugsanlegan getnaðartíma barns þess, sem barnsfaðernismálið: K gegn M er risið af.

Af vottorði ljósmóður, dags. 2. mars 1976, má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðal meðgöngutími fullburða barna er talinn vera 271 dagur, með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 3. ágúst til 25. ágúst 1971.

Sé höfð hliðsjón af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 28. júlí til 15. október 1971. Samkvæmt sömu töflum eru 885% líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 17. júlí til 3. september 1971.“

Í bréfi frá borgarlækni, dagsettu 28. f. m., segir: „Í texta álitsgerðar minnar til yðar, dags. 22. mars s.l., vegna barnsfaðernismálsins K gegn M er stafvilla, sem ég óska að leiðrétta. Í næstneðstu málsgrein álitsgerðarinnar stendur „samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir á tímabilinu 28. júlí til 15. október 1971,“ en skal vera „samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 28. júní til 15. október 1971.“

Í máli þessu eru málsaðiljar sammála um, að þau hafi haft samfarir saman 20. ágúst 1971. Samkvæmt álitsgerð borgarlæknis er líklegasti getnaðartími barnsins á tímabilinu 3. ágúst til 25. ágúst 1971. Í sömu álitsgerð segir, að 885% líkur séu til, að barnið sé getið á tímabilinu 17. júlí til 3. september 1971. Loks segir borgarlæknir, að ýtrasti hugsanlegi getnaðartími sé á tímabilinu 28. júní til 15. október 1971. Sóknaraðili hefur skýrt frá því, að hún hafi haft samfarir við einhvern G í júnímánuði 1971 án þess að geta tilgreint það nánar. Fræðilega er möguleiki á, að slíkt hafi átt sér stað 28., 29. eða 30. júní, þannig að 3 dagar liggja innan ýtrasta hugsanlega getnaðartíma, en þó er ekki líklegra, að hún hafi haft samfarirnar við G þessa daga fremur en hina daga mánaðarins. Miðað við þær upplýsingar, sem liggja fyrir í málinu, verður ekki talið „líklegt“ í skilningi 212. gr. laga um meðferð einkamála nr. 85/1936, að sóknaraðili hafi haft samfarir við fleiri en varnaraðilja á getnaðartímanum. Er þetta er virt, enda ekki hægt í barnsfaðernismáli að leggja framburð um rofnar samfarir til grundvallar, ber að taka kröfur sóknaraðilja til greina og dæma varnaraðilja föður að barninu samkvæmt lagagreininni, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almanna-tryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá ber að dæma varnaraðilja til greiðslu málskostnaðar. Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar kr. 22.595 vegna máls þessa. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmans, kr. 30.000. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða kr. 52.595 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins meybarns, sem sóknaraðili, K, ól 14. maí 1972 og skírt var B 8. mars 1973, greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 52.595, til ríkissjóðs, og er þar innifalin málflutningsþóknun talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmans, að fjárhæð kr. 30.000.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1977.

Nr. 106/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Kristni Pálmasyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi, og eru brot þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Eftir atvikum þykir mega skilorðsbinda refsingu ákærða þannig, að fresta skuli fullnustu hennar og hún falla niður að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Staðfesta her ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og vaxta af þeim að öðru leyti en því, að vextir verða ekki